

L Ö G

12

30. jan.

um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Frá 1. jan. 1953 skal erfðafjárskattur samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1921 og arfur samkvæmt 33. gr. erfðalaganna frá 1949 renna í sérstakan sjóð, er nefnist erfðafjár sjóður, og skal sjóðurinn vera í vörslum Tryggingastofnunar ríkisins.

2. gr.

Fé því, sem rennur í erfðafjár sjóð samkvæmt 1. gr., skal varið til lána og styrkveitinga til þess að koma upp vinnuheimilum, vinnustofum og vinnutækjum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni, að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum. Er heimilt að veita sveitarfélögum, öðrum félögum og einstökum mönnum lán og styrki úr sjóðnum í þessu skyni, en þó fari samanlagðar upphæðir lána og styrkja eigi fram úr $\frac{2}{3}$ af stofnkostnaði vinnuheimilis eða vinnustofu og vinnutækja.

3. gr.

Félagsmálaráðherra tekur ákvarðanir um lánveitingar og styrkveitingar úr erfðafjár sjóði, að fengnum tillögum Tryggingastofnunar ríkisins, og setur þau skilyrði fyrir lánum og styrkveitingum, sem ástæða þykir til. Hann setur reglur um fyrirkomulag og rekstur þeirra vinnuheimila og vinnustöðva, sem fá lán eða styrki úr sjóðnum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. janúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.
(L. S.)

Jón Ásbjörnsson.

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

13

31. jan.

um skógræktardag skólafólks.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Heimilt er skógræktarstjóra, í samráði við hlutaðeigandi skólanefnd og skólastjóra, að kveðja hvern þann ófatlaðan nemanda, pilt eða stúlku, sem nýtur ókeypis kennslu í ríkisskóla, til starfa í þjónustu Skógræktar ríkisins einn dag á ári.